

yfirdóminn þann dag og enginn fyrir hennar hönd til að veita andsvör í málinu, og var það þá tekið til dóms.

Að svo komnu verður þá að taka til greina kröfu áfrýjanda um staðfestingu bæjarþingsdómsins og málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Stefnda Margrjet Árnason greiði áfrýjanda Þórði Jónssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en 8 vikur sjeu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. október 1917.

Nr. 64/1917.

Sigurður Briem
gegn
Margrjetu Árnason.

D ó m u r :

Áfrýjandinn, Sigurður Briem póstmeistari, hefir með stefnu dags. 10. ág. þ. á. skotið til yfirdómsins dómi uppkeðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 21. júní þ. á., en með þeim dómi var stefnda, frú Margrjet

Arnason í Reykjavík dæmd fyrir meiðyrði um áfrýjanda í 100 kr. sekt til landssjóðs, eða 10 daga einfalt fangelsi, ef sektin yrði eigi greidd í ákveðinn tíma, og átalín meiðyrði dæmd dauð og ómerk, og fyrir ósæmilegan rithátt í 20 kr. sekt, að hálfu til landssjóðs og að hálfu til bæjarsjóðs Reykjavíkur; svo var henni og gjört að greiða 30 kr. í málskostnað til áfrýjanda. Hefir áfrýjandi krafist þess að dómur þessi verði staðfestur að öllu leyti, og að stefnda verði dæmd til að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati rjettarins.

Stefnda fjekk frest í málinu til gagnáfrýjunar til 1. þ. m., en hún notaði eigi þann frest og kom eigi í yfirdóminn þann dag og enginu fyrir hennar hönd til að veita andsvör í málinu, og var það þá tekið til dóms.

Að svo komnu verður þá að taka til greina kröfu áfrýjanda um staðfestingu bæjarþingsdómsins og málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Stefnda Margrjet Árnason greiði áfrýjanda Sigurði Briem póstmestara 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en liðnar sjeu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.